

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 2/2020
Kæra ALB viðskipta ehf.
á ákvörðun
Orkustofnunar

Þann 12. apríl 2021 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp úrskurð vegna kæru ALB viðskipta ehf., (kærandi), á ákvörðun Orkustofnunar, Grensásvegi 8, 108 Reykjavík. Málið hefur fengið númerið 2/2020.

I. Kærufni og kröfur

Í máli þessu er kærð ákvörðun Orkustofnunar frá 28. júlí 2020, um að synja kröfu kæranda um að RARIK sé bótaskyld vegna tjóns sem orðið hafi á fasteigninni Kiðárbotnum 9, Húsafelli. Kæran sem er dagsett 26. ágúst 2020 barst úrskurðarnefndinni sama dag með tölvupósti. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og staðfest að RARIK beri bótaábyrgð vegna tjóns sem orðið hafi á fasteigninni Kiðárbotnum 9, Húsafelli.

RARIK krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest og kröfu kæranda verði hafnað. Orkustofnun krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II. Málsatvik

Í máli þessu er deilt um skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð vegna vatnsleka í sumarbústað kæranda í Húsafelli á tímabilinu október 2019 til febrúar 2020. Hita hússins sé stjórnað með rafmagnsstýringu og fái kaupandi afhent rafmagn frá dreifiveitu RARIK. Kærandi telur að tjónið megi rekja til rafmagnsleysis og því hvíli bótaskylda vegna þess á RARIK. Í hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði hlutlægrar bótaábyrgðar væru ekki uppfyllt og bótaábyrgð því ekki lögð á RARIK.

III. Málsástæður og rök kæranda

Kærandi kærði þann 26. ágúst 2020, ákvörðun Orkustofnunar, frá 28. júlí 2020, um synjun á bótaskyldu RARIK. Í kæru kemur fram að þann 14. febrúar 2020, þegar kærandi hafi komið í sumarbústað sinn að Kiðárbotnum 9 í Húsafelli, hafi verið vatn á gólfi í eldhúskrók og þegar eldhússkápur undir vaski hafi verið opnaður hafi sést hvar vatn hafi lekið úr hitastýrðu blöndunartæki. Blöndunartækið þjóni handlaug auk heits potts á verönd. Við skoðun hafi komið í ljós að tækið hafi verið frostsprungið og lekið hafi úr blöndunartækinu. Á baðherbergi hafi hitastýrt blöndunartæki verið frostsprungið, auk þess sem lagnir úr handlaug hafi verið frostsprungnar. Eldhúsinnréttingin hafi verið vatnsbólgin og vatn sprautast upp um parketið þegar stigið var á það. Augljóst hafi verið að frost hefði verið í bústaðnum í einhvern tíma og tjón verulegt. Kærandi hafi þann 17. febrúar 2020, sent erindi til RARIK vegna málsins og bent á að hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar um rafmagnsleysi á svæðinu. Í svari RARIK þann 13. mars 2020, hafi komið fram að skráð straumleysi á svæðinu séu tvö, annars vegar þann 4. febrúar 2020 og hins vegar þann 14. febrúar 2020, vegna fyrirvaralausrar og óviðráðanlegrar bilunar í dreifikerfi. Rafmagnsleysi hafi annars vegar staðið yfir í 10 klst. og hins vegar 11,5

klst. Þá hafi verið stutt rafmagnsleysi í um 3 mínútur þann 20. janúar 2020 og 25. janúar 2020, bæði vegna óviðráðanlegra og ófyrirséðra ástæðna. RARIK hafi hafnað bótaskyldu og kveðið ófyrirséð og óviðráðanlegt straumleysi vera óhjákvæmilegan hluta viðurkenndra raforkugæða sem notendur verði að vera viðbúnir.

Kærandi hafi sent Orkustofnun kvörtun þann 30. apríl 2020 með vísan til þess að RARIK beri ábyrgð á tjóni kæranda. Í bréfi RARIK til Orkustofnunar þann 16. júní 2020 komi fram að rangt hafi verið farið með skráð straumleysi í bréfi RARIK þann 13. mars 2020. Skráð séu fjögur rafmagnsleysi á notkunarstað. Rafmagnsleysið þann 20. janúar 2020 hafi þá verið fært yfir á 23. janúar og skv. upplýsingum RARIK varað í 4 mínútur, rafmagnsleysið þann 25. janúar 2020 hafi lengst úr 3 mínútum í 4 klst. og 7 mínútur, rafmagnsleysið þann 4. febrúar 2020 hafi lengst úr 10 klst. í 11,5 klst. og svo loks rafmagnsleysið þann 14. febrúar 2020 hafi varað í 11,5 klst.

Kærandi telur ljóst að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna skerðingar á afhendingu rafmagns. Hafi hann ekki haft nein tök á að koma í veg fyrir tjónið þar sem hann hafi ekki haft neina vitneskju um rafmagnsleysið. Hafi kærandi ekki fengið neina tilkynningu frá RARIK vegna rafmagnsleysis en ef honum hefði verið kunnugt um rafmagnsleysið hefði hann getað komið í veg fyrir það tjón sem orðið hafi á sumarbústaðnum. Samkvæmt upplýsingum frá RARIK séu sendar tilkynningar um rafmagnsleysi til þeirra notenda sem óskað hafi eftir slíkum tilkynningum og gefið upp farsímanúmer og netfang. Samkvæmt RARIK sé slík skráning ekki til staðar fyrir þennan notkunarstað og þar af leiðandi hafi kæranda ekki verið send tilkynning um rafmagnsleysi.

Raforkulög og reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, einkum 16. gr. laganna og 23. gr. reglugerðarinnar, leggi ríkar skyldur á dreifiveitur. Þá sé kveðið á um ríkar skyldur í reglugerð nr. 1048/2004, um gæði raforku og afhendingaröryggi. Í 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar sé kveðið á um að verði truflanir í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja, sem valda m.a. skerðingu á raforku, skulu framangreind fyrirtæki bæta rekstrarástand kerfa sinna svo fljótt sem kostur sé. Þá skuli, samkvæmt ákvæðinu, sá sem beri ábyrgð á viðkomandi virki gera það sem unnt sé til að takmarka áhrif hennar. Í 3. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar sé svo kveðið á um það að þegar viðhald á raforkukerfinu valdi skerðingu eða flutningstakmörkunum beri flutningsfyrirtæki/dreifiveitum að láta vita með góðum fyrirvara um hvenær slíkt muni eiga sér stað og hve lengi það ástand muni standa. Af þessu megi vera ljóst að dreifiveita þurfi að hafa frumkvæði af því að fá upplýsingar um farsímanúmer eða tölvupóstfang viðskiptavina til þess að geta sinnt framangreindum skyldum.

RARIK hafi þann 16. júní 2020, lagt fram sjálfsálestrarbréf og haldið fram að það hafi verið sent kæranda í pósti og að þar sé m.a. óskað eftir farsímanúmeri og netfangi sem nota mætti í samskiptum. Kærandi kveðst aldrei hafa fengið umrætt bréf sent og í raun hafi hann aldrei fengið send sjálfsálestrarbréf frá RARIK enda hafi hann aldrei lesið af raforkumæli sem vísað sé til í bréfinu. RARIK hljóti að bera sönnunarbyrði fyrir því að hafa sent umrætt bréf en ljóst sé að ekki sé um ábyrgðarbréf að ræða. Einu samskipti kæranda við RARIK sé að hann greiði reikninga sem berist inn í heimabanka. Þá megi vera ljóst að einstaklingar fari almennt ekki inn á „mínar síður“ hjá dreifiveitum þegar þeir hafi enga vitneskju um það. Þá verði að gera þær kröfur til dreifiveitna að reyna eftir fremstu getu að koma upplýsingum um rafmagnsleysi til viðskiptavina sinna t.a.m. með auglýsingum. Það varði viðskiptavini mikils að vita hvort straumrof hafi orðið.

Bendir kærandi á að í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar komi fram að dreifiveitu sé skylt að greiða þeim notendum bætur sem verði fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu.

Kveðið skuli á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð, sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í nefndaráliti við frumvarpið komi fram að skerðing af völdum fárviðris eða náttúruhamfara séu undanskilin og að bæturnar séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu sé átt við skerðingu sem nemi meira en 12 klst. Einnig segir að ljóst sé að tími rafmagnsleysis hafi aldrei farið yfir 12 klst. á því tímabili sem um ræði og hafi bilunin þann 14. febrúar verið rakin til ofsaveðurs.

Kærandi bendir einnig á að RARIK hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á dagsetningar og lengd hvers og eins rafmagnsleysis, enda sé misræmi í þeim upplýsingum sem gefnar hafi verið af hálfu RARIK í þeim efnum. Kærandi hafi farið í bústað sinn þann 14. febrúar og komið að honum í framangreindu ástandi. Því sé afar ólíklegt að það rafmagnsleysi sem olli því tjóni megi rekja til rafmagnsleysis þann sama dag. Kærandi telur að frost hafi verið á bústaðnum í einhvern tíma. Með vísan til alls framangreinds telur kærandi að RARIK beri ábyrgð á því tjóni sem hann hafi orðið fyrir. Því beri að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi og staðfesta bótaábyrgð RARIK.

IV. Athugasemdir RARIK

Kæran var send RARIK til athugasemda þann 27. ágúst 2020. Í athugasemdum RARIK, dags. 18. september 2020, er þess krafist að kröfu kæranda verði hafnað og staðfest niðurstaða Orkustofnunar um að RARIK beri ekki bótaábyrgð á því tjóni sem kærandi kunnir að hafa orðið fyrir. RARIK hafi nú þegar svarað lögmanni kæranda vegna málsins og er vísað til þeirra svara.

RARIK telur í athugasemdum sínum rétt að ítreka nokkur atriði sérstaklega vegna málsins. Í svari RARIK til Orkustofnunar hafi sérstaklega verið tilgreind þau tilvik þar sem skráðar rafmagnstruflanir hafi átt sér stað á umræddu svæði frá október 2019 og fram til 14. febrúar 2020, en kærandi telji tjónið hafa orðið einhvern tímann á tilgreindu tímabili.

Að því er varði skyldur dreifiveitna þá hafi ekki verið sýnt fram á að RARIK hafi gerst brotlegt við tilgreind lagaákvæði. Þvert á móti hafi félagið gert allt til að takmarka áhrif truflana í kerfum og innan þeirra marka sem félaginu hafi verið mögulegt miðað við þær upplýsingar sem félagið hafi búið yfir. Ákvæði 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004, um gæði raforku og afhendingaröryggi, leggi skyldu á dreifiveitu um að tilkynna rafmagnsleysi þegar vitað sé fyrir fram um að rafmagnsleysi kunnir að verða vegna viðgerða eða vinnu við dreifiveitukerfi. RARIK hafi sinnt þeirri skyldu þegar það eigi við, m.a. með tilkynningu á heimasíðu og tilkynningum til þeirra viðskiptavina sem upplýsingar eru um. Samkvæmt orðanna hljóðan og eðli máls samkvæmt taki tilkynningarskyldan því aðeins til þeirra tilvika þegar um fyrirsjáanlegt viðhald sé að ræða, en ekki þegar um ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar bilanir sé að ræða. RARIK leitist ávallt við að upplýsa notendur sem skjótast og best, eftir því sem unnt sé, um rafmagnsleysi óháð því hvort það sé af fyrirvaralausum og óviðráðanlegum ástæðum eða vegna viðhalds sem sé skipulagt fyrirfram. Hafi slík tilkynning t.d. verið birt vegna ofsaveðursins þann 14. febrúar 2020, auk þess sem upplýsingar hafi verið að finna um væntanlegt óveður og síðan rafmagnsleysi í öllum fjölmiðlum landsins, en þá hafi verið rafmagnslaust í rúmlega 11 klst.

Þá bjóði RARIK þeim notendum sem þess óska, að fá tilkynningar um rafmagnsleysi sendar með SMS smáskilaboðum. RARIK upplýsi notendur um þennan möguleika og hvetji til notkunar hans í árlegum sjálfsálestrarbréfum sem send séu notendum. Slíkt bréf hafi verið sent til skráðs notanda að Kiðarbotnum 9, sem sé Hannarr ehf., þann 19. janúar 2019. Ósk um slíka SMS tilkynningar hafi þó ekki borist vegna umrædds notkunarstaðar, né upplýsingar um

símanúmer. RARIK mótmæli því að unnt sé að leggja svo íþyngjandi kvöð á félagið að því beri að afla slíkra upplýsinga að eigin frumkvæði og án aðkomu viðkomandi notenda, enda sé slík upplýsingaöflun um einstaka notendur verulega íþyngjandi og nánast ógerlegt í framkvæmd fyrir fyrirtækið að tryggja að upplýsingarnar séu réttar hverju sinni. Hvað sem framangreindu líði þá sé því mótmælt að RARIK geti á einhvern hátt verið talið bótaskyld á þeim grundvelli að slík tilkynning hafi ekki verið send þegar viðkomandi notanda hafi láðst að gefa fyrirtækinu viðeigandi upplýsingar eða viðtakandi af einhverjum sökum ekki lesið leiðbeiningar um upplýsingagjöf.

RARIK áréttar einnig að ekkert liggi fyrir um hvort umrætt tjón tengist yfirhöfuð truflunum frá dreifikerfi RARIK eða að skilyrði bótaábyrgðar félagsins séu að öðru leyti fyrir hendi. Af gögnum máls megi ráða að kærandi hafði ekki komið í sumarhúsið á tímabilinu frá október 2019 og fram til 14. febrúar 2020, er kærandi hafi orðið ástandsins var. Liggi þannig ekkert fyrir um hvenær tjónið hafi átt sér stað, né hvort aðrar ástæður en rafmagnsleysi kunni að hafa valdið því að hitafall hafi átt sér stað á tjónstað. Einnig þurfi að hafa í huga að bótaákvæði 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga, taki til greiðslu bóta til notenda vegna langvarandi skerðingar á raforkuafhendingu. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að með langvarandi skerðingu sé átt við skerðingu sem nemi meira en 12 klukkustundum. Þá taki ákvæðið ekki til skerðingar af völdum fjarviðris eða náttúruhamfara. Í hinni kærðu ákvörðun komi jafnframt fram að rafmagnstruflanir sem átt hafi sér stað á tímabilinu hafi aldrei varað lengur en 12 klukkustundir.

Fram kemur í umsögn RARIK að kærandi, tjónþoli, telji að tjónið hafi ekki átt sér stað í fjarviðrinu þann 14. febrúar 2020, en þá hafi tjónþoli fyrst orðið var við tjónið. Að mati RARIK sé þó ekkert sem styðji þá fullyrðingu kæranda. Bilun þann dag hafi verið rakin til ofsaveðurs sem undanþegið sé bótaskyldu. Þá komi til skoðunar 25. janúar 2020 og 4. febrúar 2020. Þann 25. janúar 2020, hafi verið rafmagnslaust í rétt rúmlega 4 klst., sem sé undir viðmiði um bótaskyldu. Miðað við upplýsingar um veður meðan á rafmagnsleysi hafi staðið hafi hiti verið yfir frostmarki allan tímann og því vandséð að tjónið hafi getað orðið á þeim tíma. Þann 4. febrúar 2020, hafi verið rafmagnslaust vegna bilunar í eldingavara í rúmlega 11 klst. sem sé einnig undir viðmiði um bótaskyldu. Hiti hafi verið á bilinu 1,7 til 6,8 gráður og vindur allt að 25,4 m/sek í vindhviðum. Þarna sé aftur ólíklegt að frosið hafi í lögnum enda hiti vel yfir frostmarki á þeim tíma sem rafmagnsleysi hafi varað. Með vísan til framangreinds sé með öllu ósannað og raunar ekkert sem bendi til þess að tjón kæranda verið rakið til rafmagnstruflana í kerfum RARIK á umræddu tímabili.

RARIK telur ábyrgð kæranda sem eiganda sumarhúss ekki vera minni enda þótt þar sé aðeins dvalið að jafnaði í orlofi. Hann geti því ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki getað komið í veg fyrir tjón eða dregið úr því. Að mati RARIK hljóti það ávallt að vera á ábyrgð eigenda að grípa til ráðstafana til að vernda verðmæti sín, s.s. með því að loka fyrir vatnsstreymi og tæma vatnslagnir eða með váttryggingu.

Með vísan til alls framangreinds krefst RARIK þess að kröfu kæranda verði hafnað og staðfest að RARIK beri ekki bótaábyrgð á meintu tjóni kæranda.

V. Athugasemdir Orkustofnunar

Kæran var send Orkustofnun til athugasemda þann 27. ágúst 2020 og bárust þær þann 2. nóvember 2020. Orkustofnun telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við málavaxtalýsingu

þá sem fram komi í kærú enda sé hún í samræmi við það sem áður hafi komið fram í kvörtun til stofnunarinnar þann 30. apríl 2020.

Í umsögn Orkustofnunar segir að í hinni kærðu ákvörðun komi fram að samkvæmt umsögn RARIK hafi fjögur tilvik rafmagnsleysis verið skráð á notkunarstað frá október 2019 til 14. febrúar 2020. Í bréfi RARIK til kæranda þann 13. mars 2020, sé áréttað að misfarið hafi verið með tímalengd þessara truflana. Það að misritun hafi átt sér stað í bréfi RARIK til kæranda um tímalengd truflunar hafi, að mati Orkustofnunar, ekki áhrif á niðurstöðu málsins. Um hafi verið að ræða fyrirvaralausar og óviðráðanlegar bilanir í öll skiptin í dreifikerfi RARIK, auk þess sem fyrirtækið taldi að viðgerðartími hafi verið eðlilegur í ljósi eðlis bilana í öll skiptin.

Orkustofnun vísar til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar. Þar sé bent á að 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 eigi við um tilvik þegar truflanir í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja sé að ræða. Ekkert bendi til þess að RARIK hafi ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um að bæta rekstrarástand kerfa sinna svo fljótt sem kostur sé og gera það sem unnt sé til að takmarka áhrif skerðingarinnar. Telur Orkustofnun að athafnir og viðgerðartími RARIK hafi verið eðlilegur í ljósi eðli þeirra bilana sem upp hafi komið. Ákvæði 3. mgr. 6. gr. reglugerðar 1048/2004, taki til tilvika þegar um sé að ræða viðhald á raforkukerfinu sem valdi skerðingu og flutningstakmörkunum. Í þeim tilvikum sé viðhald nauðsynlegt og geti dreifiveitur og flutningsfyrirtæki séð slíkar skerðingar fyrir og auglýst með góðum fyrirvara. Ekki sé um slíkt að ræða í þessu máli þar sem um ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar bilanir hafi verið að ræða. Í þeim tilvikum hafa dreifiveitur komið sér upp kerfi til að reyna að koma upplýsingum á framfæri til viðskiptavina sinna. Því hafi allar dreifiveitur farið þá leið að upplýsa viðskiptavini á sem skilvirkastan hátt með því að senda tilkynningar með SMS skeyti.

Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að RARIK óski eftir farsímanúmeri og netfangi notenda í árlegu sjálfs álestrarbréfi sem kærandi hafi fengið sent að Síðumúla 1, þann 24. janúar 2019. Það heimilisfang hafi verið stílað á skráðan notanda í kerfum RARIK. Orkustofnun ítreki þau sjónarmið sem fram komi í hinni kærðu ákvörðun um að ekki sé hægt að leggja þyngri kvaðir á RARIK að afla sér upplýsinga um notendur. Forsvarsmenn fyrirtækja verði að tryggja að réttar upplýsingar séu skráðar til að boð berist á réttan stað. RARIK hafi gefið kæranda tækifæri til að láta í té umræddar upplýsingar og það verði ekki metið RARIK til sakar að kærandi hafi ekki orðið við þeirri beiðni.

Orkustofnun bendir á að dreifiveitum sé skylt að greiða þeim notendum bætur sem verði fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Skuli kveðið á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð, sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Það sama eigi við um skyldur flutningsfyrirtækisins enda hafi bæst við efnislega samhljóða tölulíður við 3. mgr. 9. gr. samhlíða í frumvarpi til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011. Bæturnar séu annars vegar til dreifiveitna og hins vegar notenda sem verði fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Í nefndaráliti við frumvarpið komi fram að skerðing af völdum fárviðris eða náttúruhamfara séu undanskilin og að bæturnar séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu sé átt við skerðingu sem nemi meira en 12 klst. Ljóst sé að tími rafmagnsleysis hafi aldrei farið yfir 12 klst. á því tímabili sem um ræði og hafi bilunin þann 14. febrúar 2020 verið rakin til ofsavæðurs. Þannig sé skerðing af völdum fárviðris undanskilin og með langvarandi skerðingu sé átt við skerðingu sem nemi meira en 12 klst.

Hlutlæg bótaábyrgð stofnist án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Í ljósi þess að sú skerðing á afhendingu rafmagns sem um ræði geti ekki talist bótaskyld samkvæmt 8. tl. 3. mgr.

16. gr. raforkulaga, séu skilyrði hlutlægrar bótaábyrgðar ekki uppfyllt. Orkustofnun vísar einnig til úrskurðar úrskurðarnefndar raforkumála nr. 2/2018. Það sé mat stofnunarinnar að staðfesta beri hina kærðu ákvörðun.

VI. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar og RARIK

Umsagnir Orkustofnunar og RARIK voru sendar kæranda til athugasemda þann 2. nóvember 2020. Í athugasemdum kæranda frá 17. nóvember 2020, er bent á að í umsögn RARIK komi fram að rafmagnstruflanir sem átt hafi sér stað á tímabilinu hafi aldrei varað lengur en í 12 klst. samkvæmt frumskráningu. Kærandi vekur athygli á því að í frumskráningu vegna rafmagnsleysis þann 25. janúar 2020, komi fram að rafmagni hafi slegið út kl. 01:28 og svo hafi það komið aftur á kl. 01:31. Samkvæmt skráningunni hafi vinnuvakt verið kölluð út kl. 02:24. Miðað við þessa frumskráningu hljóti rafmagni að hafa slegið út kl. 01:28 þann 25. janúar 2020, vinnuvakt hafi verið kölluð út kl. 02:24 og rafmagn svo aftur komið á kl. 01:31 þann 26. janúar 2020, því ekki hafi vinnuvakt verið kölluð út eftir að rafmagnið hafi komið aftur á. Rafmagnsleysið hafi þá varað í 12 klst. og 3. mínútur og því um langvarandi skerðingu að ræða á raforkuafhendingu sem bótaskyldt sé samkvæmt 8.tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga.

Bendir kærandi á að í umsögn RARIK sé vísað til þess að upplýsingar um truflanir hafi verið veittar á heimasíðu þann 14. febrúar 2020. Hvergi sé þó minnst á að slíkar upplýsingar hafi verið veittar í öðrum þeim tilfellum sem rafmagnstruflanir hafi átt sér stað. Þá hafi engin gögn verið lögð fram þess efnis og skorar kærandi á RARIK að leggja slík gögn fram. Loks itrekar kærandi að RARIK beri ábyrgð á því tjóni sem hann hafi orðið fyrir.

VII. Frekari athugasemdir RARIK

Úrskurðarnefnd sendi RARIK athugasemdir kæranda til frekari athugasemda og var sérstaklega óskað eftir afstöðu RARIK til þeirra tímamarka rafmagnsleysis þann 25. janúar 2020, sem komi fram hjá kæranda.

Í athugasemdum RARIK, dags. 15. janúar 2021, kemur fram að svo virðist sem kærandi byggi á því að straumleysi hafi staðið yfir í meira en 12 klst. og því sé um bótaskylda langvarandi skerðingu að ræða. RARIK mótmælir fullyrðingum kæranda um að rafmagnsleysi hafi staðið lengur en 12 klst. Jafnvel þó svo hefði verið telur RARIK að bótaskylda hafi ekki stofnast á grundvelli 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga.

RARIK mótmælir ályktunum kæranda um tímalengd rafmagnsleysis. Frumskráningarblaðið sé ekki þannig að það geymi allar upplýsingar um truflunina. Tímasetningin kl. 1:28 eigi við fyrstu útleysingu vegna truflunarinnar. Innsetning kl. 1:31 sé líka rétt, 3 mínútum síðar en þá hafi vaktmaður RARIK reynt innsetningu ef ske kynni að um yfírgangandi truflun væri að ræða. Sú innsetning hafi haldið tímabundið eins og fram komi á frumskráningarblaðinu. Línan hafi því leyst út aftur. Þegar fullreynt hafi verið þótt truflunin væri yfírgangandi hafi vinnuflokkur verið ræstur út. Þetta hafi verið gert kl 2:24. Staur reyndist hafa brunnið í línunni. Eins og fram komi í svari RARIK til Orkustofnunar þann 18. september sl., þá hafi trufluninni lokið kl. 5:35 eftir viðgerð á línunum. Niðurstaðan sé að umrædd truflun þann 25. janúar, hafi staðið frá kl. 1:28 til kl. 5:35, eða í 4 klst. og 7 mínútur.

RARIK mótmælir því sérstaklega að það eitt að truflunin hafi staðið yfir í meira en 12 klst. stofni til bótaskyldu á grundvelli 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga, enda verði hvorki ráðið af

texta ákvæðisins eða lögskýringargögnum, að því hafi verið ætlað að fela í sér hlutlæga ábyrgð dreifiveitna við þessar aðstæður. Kærandi bendir einnig á að sakarreglan sé meginreglan um bótagrundvöll í íslenskum rétti. Litið hafi verið svo á að hún sé meginregla bæði í þeim skilningi, að algengast sé, að skaðabótaábyrgð sé reist á sakarreglunni og í þeim skilningi að hún gildi um bótagrundvöll nema lög mæli á annan veg eða sérstakar aðstæður eigi við. Reglan um hlutlæga ábyrgð sé hins vegar undantekningarregla. Af virtu orðalagi ákvæðisins, lögskýringargögnum og eðli máls, svo og í samræmi við almennar lögskýringarreglur sem gildi í íslenskum bótarétti, verði að líta svo á að dreifiveita beri eingöngu skaðabótaábyrgð á tjóni, sem rakið verði til rafmagnsleysis sem standi yfir í meira en 12 klst. og megi ekki rekja til fávirkis eða náttúruhamfara, ef sýnt sé fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi viðkomandi dreifiveitu og önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar teljist að öðru leyti uppfyllt, s.s. orsakasamband og sennileg afleiðing. Í málinu sé ekkert fram komið um saknæma háttsemi af hálfu RARIK. Þvert á móti hafi verið brugðist rétt og skjótt við því rafmagnsleysi sem upp hafi komið.

VIII. Lokaathugasemdir kæranda

Kæranda voru sendar frekari athugasemdir RARIK. Með tölvupósti, dags. 20. janúar 2021, óskaði kærandi eftir að koma á framfæri að það veki furðu að nú haldi RARIK því fram að kærandi hafi túlkað framlögð gögn RARIK á einhvern annan hátt en þar komi fram og að frumskýringarblaðið geymi ekki allar upplýsingar um truflunina. Skorar kærandi á RARIK að leggja fram frekari gögn um allar rafmagnstruflanir fyrst að í frumskýringarblöðum komi ekki allar upplýsingar fram. Ekki verði hægt að halda því fram að umræddar rafmagnstruflanir hafi aldrei varað lengur en 12 klst. með vísan til frumskýringar RARIK og svo á sama tíma að frumskýringar RARIK geymi ekki allar nauðsynlegar upplýsingar. Þá mótmælir kærandi því að 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga feli ekki í sér hlutlæga ábyrgð dreifiveitna og vísast um það til hinnar kærðu ákvörðunar.

IX. Niðurstaða

1.

Mál þetta má rekja til skemmda sem urðu á sumarbústað kæranda og hann varð var við þann 14. febrúar 2020. Kærandi telur skemmdirnar hafa orðið vegna vatnsleka á tímabilinu frá október 2019 til 14. febrúar 2020, en ekki sé vitað nákvæmlega hvenær það hafi gerst. Hita bústaðarins sé stjórnað með rafmagnsstýringu. Hitastýrt blöndunartæki hafi verið frostsprungið og hafi vatn lekið úr því. Telur kærandi að skemmdir megi rekja til rafmagnsleysis.

Kærandi krefst þess að bótaskylda RARIK verði staðfest vegna tjóns hans. Tjónið hafi orðið vegna skerðingar á afhendingu rafmagns og hafi hann ekki haft tök á að koma í veg fyrir tjónið þar sem hann hafi ekki haft vitneskju um rafmagnsleysið. RARIK hafi ekki sent neina tilkynningu um rafmagnsleysið en rafmagnsleysi hafi varað lengur en 12 klst. og sé því um langvarandi skerðingu á rafmagni að ræða sem sé bótaskyld.

RARIK og Orkustofnun krefjast þess að kröfum kæranda verði hafnað og hin kærða ákvörðun staðfest. RARIK telur ákvæði raforkulaga ekki fela í sér hlutlæga bótaskyldu og að kærandi hafi ekki sýnt fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi dreifiveitu. Dreifiveitu beri

að tilkynna fyrirfram um rafmagnsleysi sem kunnir að verða vegna viðgerða en það eigi ekki við um ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar bilanir. Notendum bjóðist að fá tilkynningar með smáskilaboðum um rafmagnsleysi. Kærandi hafi aftur á móti ekki óskað eftir því. Orkustofnun bendir á að allar dreifiveitur hafi farið þá leið að upplýsa viðskiptavinum um bilanir á sem skilvirkastan hátt með því að senda tilkynningar í SMS skilaboðum. Rafmagnsleysið hafi í öllum tilvikum varað skemur en 12 klst. og því ekki langvarandi..

2.

Rétt er að mati nefndarinnar að skoða nánar ákvæði raforkulaga nr. 65/2003, reglugerðar nr. 1040/2005, um raforkuviðskipti og reglugerðar nr. 1048/2004, um gæði raforku og afhendingaröryggi.

Raforkulög taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku. Um dreifingu raforku er fjallað í IV. kafla laganna. Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði, sbr. 13. gr. laganna. Í 16. gr. er kveðið á um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Dreifiveitu er m.a. skylt að tryggja áreiðanleika í rekstri kerfis, sbr. 2. tl. 3. mgr. og greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveða skal á um fjarhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð, sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. laganna.

Í nefndarálitum við frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011 er lagt til að við 3. mgr. 9. gr., sem fjallar um skyldur flutningsfyrirtækisins, og 3. mgr. 16. gr., sem fjallar um skyldur dreifiveitna, bætist nýr töluliður. Töluliðirnir eru efnislega samhljóða og kveða á um bætur til annars vegar dreifiveitna og hins vegar notenda sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Fram kemur að kveðið skuli á um fjarhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð. Sé litið til lögskýringargagna kemur fram í nefndarálitum þar sem fjallað er um þann tölulið sem bætist við 3. mgr. 9. gr. (flutningsfyrirtæki) að um sé að ræða heimildarákvæði um bætur til dreifiveitna vegna skerðingar á raforkuafhendingu í þeim tilvikum þegar um langvarandi skerðingu er að ræða, þó þannig að skerðing af völdum fávildis eða náttúruhamfara verði undanskilin. Þar segir einnig að þær bætur sem um ræðir séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu sé átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundum. Í nefndarálitinu er ekki sérstaklega fjallað um þann tölulið sem bætist við 3. mgr. 16. gr. raforkulaga og varðar mál þetta. Sá töluliður er, eins og áður hefur komið fram, efnislega samhljóða þeim tölulið sem bætist við 3. mgr. 9. gr.

Í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga er í 23. gr. fjallað um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Í 3. tl. 2. mgr. segir að dreifiveitur skuli setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleik í rekstri dreifikerfisins og sem skulu a.m.k. kveða á um hönnun kerfisins og uppbyggingu þess, viðhald kerfisins og reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.

Reglugerð nr. 1048/2004, um gæði raforku og afhendingaröryggi, er m.a. ætlað að tryggja, svo sem kostur er, fullnægjandi gæði og afhendingaröryggi raforku. Í II. kafla er fjallað um skyldur. Samkvæmt 5. gr. skulu vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi í samræmi við 28. gr. raforkulaga. Ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar fjallar um úrbætur, og kemur þar m.a. fram að verði truflanir í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja, sem valda flutningstakmörkunum, skerðingu á raforku eða færa ástand þeirra úr skorðum svo það lendi utan marka, skulu framangreind fyrirtæki bæta rekstarástand kerfa sinna svo fljótt sem kostur sé. Meðan truflun

standi skal sá sem beri ábyrgð á viðkomandi virki gera það sem unnt sé til að takmarka áhrif hennar, sbr. 1. mgr. Þegar viðhald á raforkukerfinu veldur skerðingu eða flutningstakmörkunum ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitum að láta þá viðskiptavini sem skerðing/flutningstakmarkanir hafa áhrif á vita með góðum fyrirvara um hvenær slíkt muni eiga sér stað og hve lengi það ástand muni standa. Upplýsingunum skal komið á framfæri á skilvirkan hátt, sbr. 3. mgr.

3.

Kærandi telur að tjón það sem varð á sumarhúsi í Kiðárbotnum 9, megi rekja til skerðingar á afhendingu rafmagns og að RARIK beri ábyrgð á tjóni sem kærandi hafi orðið fyrir.

Meginreglan er sú að tjónþoli á rétt til bóta séu tiltekin skilyrði fyrir hendi en reglur um skaðabætur taka eingöngu til þess tjóns sem verður af tilteknum orsökum auk þess sem tjón verður að vera rakið til sakar. Þannig verður tjónþoli að sýna fram á, að einhver annar en hann sjálfur eigi sök á tjóninu vegna mistaka, yfirsjónar, vanrækslu eða þess háttar. Undantekningin frá meginreglunni um að sök sé skilyrði bótaskyldu er hlutlæg bótaábyrgð.


Af gögnum máls verður ráðið að rafmagnsleysi umrædda daga hafi verið vegna óviðráðanlegra og ófyrirséðra aðstæðna. Þá liggur ekki fyrir hvenær tjónið varð. Fram er komið að skerðing varð á rafmagni þann 23. janúar 2020, 25. janúar 2020 og 4. febrúar 2020 svo og 14. febrúar 2020, en kærandi kom í bústað sinn þann dag og varð tjónsins var. Að mati nefndarinnar hefur hvorki verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að rafmagnsskerðingarnar megi rekja til sakar RARIK né að tjón kæranda sé sennileg afleiðing þeirra þessa tilteknu daga. Ekki liggur fyrir að um langvarandi skerðingu hafi verið að ræða eins og mælt er fyrir um í 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga, sem jafnframt er skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögnum. Þá er ekki annað komið fram en að RARIK hafi sinnt lögbundinni skyldu sinni til að bæta rekstrarástand kerfisins eins fljótt og kostur var til að takmarka áhrif af þeirri rafmagnsskerðingu sem varð, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi.


Nefndin bendir á og tekur undir sjónarmið um að telji kærandi hættu geta skapast á tjóni vegna rafmagnsskerðingar hafi hann haft það úrræði að snúa sér til RARIK, á heimasíðu fyrirtækisins, og nýta sér þá þjónustu sem þar er að finna á mínum síðum. Hún felur í sér að notandi lætur í té upplýsingar svo hægt sé að senda tilkynningar um bilanir o.fl. Ekki verður með sanngjörnum hætti lögð sú skylda á dreifiveitu að hafa samband við alla notendur sem verða fyrir rafmagnsskerðingu í tilfelli sem þessu. Að mati nefndarinnar fullnægði RARIK upplýsingaskyldu sinni með því að upplýsa notendur og kæranda um möguleika á að fá tilkynningar um rafmagnsleysi sendar með SMS-smáskilaboðum. Fram er komið í málinu að ósk um það hafi hins vegar aldrei borist frá kæranda.

Samkvæmt framansögðu hefur kærandi að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að tjón það sem varð á sumarhústað í Kiðárbotnum 9, megi rekja til rafmagnsskerðingar og að bótaábyrgð hafi stofnast á hendur RARIK. Ósannað er einnig að RARIK hafi látið hjá líða að sinna lögbundinni skyldu sinni til að bæta rekstrarástand kerfa sinna eins fljótt og kostur var þegar umrædd raforkuskurðing varð, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004. Á grundvelli framangreinds ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.


Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun er staðfest.


Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir
formaður



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir



Ragnar Jóhann Jónsson